

Dreifibréf 03/2009/LS

Afgreiðsla fjölnota lyfseðils

Að gefnu tilefni vill Lyfjastofnun koma eftirfarandi á framfæri um afgreiðslu fjölnota lyfseðla í lyfjabúðum:

Samkvæmt 28. gr. reglugerðar nr. 111/2001 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, er heimilt að gefa út fjölnota lyfseðil í tilvikum þar sem sjúklingur er í langtímameðferð. Einungis má ávísa einu lyfi með hverjum fjölnota lyfseðli og gildir hann fyrir mest fjórar afgreiðslur. Eigi lyfseðill að vera fjölnota skal útgefandi auðkenna í þar til ætlaða reiti ***hve oft og á hve margra daga fresti að lágmarki*** megi afgreiða lyfseðilinn og skal þess gætt að samræmi sé á milli áætlaðrar notkunar lyfs og þess tíma er líða skal milli afgreiðslna. Fjölnota lyfseðil má ekki myndsenda.

Lyfjastofnun bendir á að lyfjabúðum er óheimilt að afgreiða fjölnota lyfseðil á færri daga fresti en læknir gefur heimild til á lyfseðlinum.

Komi ekki fram á lyfseðli á hve margra daga fresti að lágmarki megi afgreiða lyfseðilinn skal reikna út þann lágmarksfjölda daga út frá skömmtun lyfsins. Sé skráður dagafjöldi á milli afgreiðslna á 0 daga fresti skal hafa samband við útgefanda og óska eftir skýringu á því hvers vegna ekki er samræmi á milli áætlaðrar notkunar lyfs og þess tíma er líða skal milli afgreiðslna. Skrá skal skýringuna á lyfseðilinn.

Lyfjastofnun